



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Umsögn um viðaukatillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins við tillögu um aðgerðir í starfsmannamálum á frístundaheimilum varðandi eingreiðslu til starfsmanna frístundaheimila, kr. 11.000.000. - R17090049

Á 124. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 13. september 2017 var lögð fram tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata um að setja af stað teymi til að bregðast við manneklu í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Teymið var skipað fulltrúum fagskrifstofu frístundamála, mannauðsdeildar, fjármáladeildar og frístundamiðstöðva.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 27. september 2017 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra, dags. 27. september 2017, um aðgerðir til að mæta manneklu og efla mannauð á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum með 17 tillögum aðgerðateymis. Samþykkti skóla- og frístundaráð að vísa tillögunum til borgarráðs.

Á fundi borgarráðs þann 5. október 2017 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra samþykkt: Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtalin atriði er varða aðgerðir í starfsmannamálum til að mæta manneklu og efla mannauð á frístundaheimilum og varða ráðstöfun fjármuna innan ramma skóla- og frístundasviðs: 1. fjármagn til að efla liðsheild og umbun vegna álags, kr. 3.700.000, 2. fjármagn til að styrkja fagstarfið/starfsmannakostnað, kr. 2.000.000, 3. eingreiðsla til stjórnenda kr. 4.000.000, 4. námsleyfi fyrir starfsmenn, kr. 12.000.000.

Á fundi borgarráðs lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi viðaukatillögu við ofangreinda tillögu:

Lagt er til að eftirfarandi liður bætist við: Eingreiðsla til starfsmanna frístundaheimila, kr. 11.000.000.

Viðaukatillögunni var með bréfi dags. 5. október 2017 vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundasvið styður tillöguna. Þó svo að álag hafi sannarlega mætt mest á stjórnendum frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva er óhætt að segja að aðrir starfsmenn hafi einnig orðið fyrir auknu álagi í starfi og þakkarvert hvað þeir hafa sýnt mikla ósérhlífni í störfum og gert allt sem í þeirra valdi stendur til að þjónusta við börn og foreldra sé góð og fagleg.

Ef tillagan verður samþykkt er lagt til að útfærslan verði með eftirfarandi hætti:

Þann 1. desember 2017 skal greiða hverjum starfsmanni sem var í fullu starfi í september 2017 sérstaka eingreiðslu að upphæð kr. 20.000. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í september 2017. Fyrrgreindar greiðslur ná ekki til þeirra sem eru í fæðingarorlofi og/eða launalaus leyfi í september 2017.

Starfsmenn í tímavinnu fá greitt hlutfallslega miðað við vinnuframlag vegna tímabilsins 11. september 2017 – 10. október 2017.

Ofangreindar greiðslur ná til allra starfsmanna frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva utan forstöðumanna og aðstoðarforstöðumanna.

Miðað við ofangreinda útfærslu er ljóst að sú fjárhæð sem tilgreind er í tillögunni dugar.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs